

Kennsluáætlun

Danska 8. bekkur

Í dönsku í 8.bekk eru 4 kennslustundir á viku, samkennsla er í 8. og 9.bekk. Kennari er Eydís Ósk Heimisdóttir.

Vinnulag

Í kennslustundum í dönsku er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi. Nemendur þjálfa upp hæfni í máli, lestri, ritun og hlustun. M.a.verður notast við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Staða í námi er metin út frá verkefnum nemenda auk stuttum könnunum jafnt og þétt yfir önnina.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Dejlige Danmark lesbók og vinnubók.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Dejlige Danmark	Lesbók og vinnubók Ýmis verkefni tekin af netinu eða úr öðrum verkefnabókum.	Nemandi getur <ul style="list-style-type: none"> • Lesið sér til gagns almenna léttu texta. • Tekið einfaldar upplýsingar úr texta til að nýta sér í verkefnavinnu. • getur sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum. 	Vinna í vinnubók.

Ritun		Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • skrifað samfelldan texta úr grunnorðaforða. 	Söfnum öllum verkefnum í möppu.
Málfræði	Ýmis verkefni af neti. Grammatik	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • beitt reglum í nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum. 	
Talað mál og framsögn		Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> • talað og skilið einfalt daglegt mál • nýtt sér ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, tungumálaforrit og leitarforrit. • tileinkað sér réttar áherslur og framburð. 	

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Matið fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum á dönsku og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir [Námsmat](#). Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Eydís Ósk Heimisdóttir